

Reykjanesbær gerir eftirfarandi

SAMÞYKKT

um gjaldtöku innviðagjalds í Reykjanesbæ

1. gr. Almennt

Samþykkt þessi fjallar um gjaldtöku innviðagjalda svæði eru deiliskipulögð innan Reykjanesbæjar eða þegar nýting lóða er breytt og byggingarmagn aukið enda eykst á sama tíma verðmæti lóðar.

Aukin nýting fylgir ásamt auknu byggingarmagni sem í kjölfarið eykur verðmæti lóða. Gjald þetta er innheimt til að svara kostnaði við uppbyggingu innviða, þar sem auknu byggingarmagni fylgir aukinn kostnaður innviða.

Samþykkt þessi byggir á að tryggja gagnsæi og jafnræði milli svæða innan sveitarfélagsins og gera samningsgerð vegna uppbyggingar markvissari og í samræmi við áform sveitarfélagsins.

2. gr. Markmið

Markmið samþykktarinnar er að uppbygging sveitarfélagsins verði í samræmi við áherslur, stefnu og markmið gildandi aðalskipulags Reykjanesbæjar.

Að land og innviðir verði nýttir sem best og að horft verði til lausna sem styðja við sjálfbærni áherslur sem sveitarfélagið hefur sett sér hverju sinni.

Að greiðsla komi fyrir aukningu á byggingarheimildum/byggingarmagni og breytingar á nýtingu lóðar, svo sem úr atvinnuhúsnæði í íbúðarhúsnæði.

Með vísan til framangreinds samþykkir bæjarstjórn að innviðagjald verði lagt á vegna uppbyggingar eða vegna aukins byggingarmagns umfram 50m² eða breytta landnotkun samkvæmt gildandi deiliskipulagi hverju sinni verði í samræmi við töflur hér að neðan. Svæðin eru verðlögð í samræmi við aðalskipulag Reykjanesbæjar 2020-2035 og byggja á söluverði innviða í sveitarfélaginu.

3. gr. Gjaldskrá

Gjaldskrá fyrir innviðagjöld er skipt upp í eftirfarandi flokka: íbúðarbyggð, iðnaðarbyggð, verslun og þjónusta og athafnarsvæði.

Sama gjaldskrá á við vegna allra svæða innan aðalskipulags Reykjanesbæjar.

Vegna framkvæmda neðanjarðar, skilgreint sem kjallari í deiliskipulagi er veittur 50% afsláttur af byggingarmagni.


Bæjarráð hefur heimild til að veita undanþágu frá gjaldskránni ef um er að ræða breytingu á skipulagi fyrir félagasamtök sem starfa í almannaþágu.

Gjaldskráin er endurskoðuð reglulega í samræmi við byggingavísitölu og markaðsaðstæður.

Verð á byggingarrétti m.v. m2 byggingar á lóð	Verð pr. m2
Íbúðabyggð	35.000
Iðnaðarbyggð	6.000
Verslun og þjónusta	6.000
Athafnarsvæði	6.000

Innviðagjald er innheimt af byggingafultrúa samhliða öðrum gjöldum við samþykkt á byggingaráformum eftir 4. júní 2024.

4. gr. Svæðisskipting



Samþykkt þessi öðlast gildi þann 4. júní 2024